



Reykjavík 22.11.2010

Starfsmenn Arctic Trucks bjarga manni úr sprungu á Suðurskautslandinu

Starfsmenn frá Arctic Trucks á Íslandi taka nú þátt í leiðangri á Suðurskautslandinu, en í gærkvöldi náðu þeir á sjálfan Suðurpólinn, fyrstir leiðangra á þessu tímabili.

Áður en leiðangursmenn lögðu af stað dvöldu þeir nokkra daga í Novo á Suðurskautslandinu þar sem ferðin var undirbúin og bílarnir standsettir. Á föstudaginn í síðustu viku (þann 12. nóvember) gerðist sá atburður að starfsmaður ferðapjónustufyrirtækis í nágrenni Novo féll ofan í sprungu. Hann hafði ákveðið að fara í göngu um svæðið snemma morguns og þegar hann skilaði sér ekki til baka ákváðu félagar hans að svipast um eftir honum. Þeir röktu spor hans í snjónum að sprungu og þegar þeir kölluðu niður í hana kom í ljós að maðurinn hafði fallið langt niður í sprunguna og sat þar fastur. Eftir margar árangurslausar björgunartilraunir, þar sem meðal annars var reynt að draga hann upp með snjósleða, voru starfsmenn Arctic Trucks sem voru í Novo, kallaðir til aðstoðar. Farið var á tveimur bílum frá Arctic Trucks og á annan bílinn var settur sérútbúinn krani sem fyrirtækið hefur hannað. Bílarnir voru bundnir saman með 40 metra millibili og öðrum bílnum ekið út á brún sprungunnar. Með hjálp spils og kranans fór einn maður niður í sprunguna með nauðsynlegan búnað til að losa fótleggi mannsins sem fest höfðu mjög illa. Að sögn Eyjólf Mús Teitssonar og Freys Jónssonar starfsmanna Arctic Trucks sem tóku þátt í björgunaraðgerðunum, þurfti mikið átak til að losa manninn sem þá hafði verið ofan í sprungunni í um 6 klukkustundir. Það mátti ekki seinna standa því maðurinn var orðinn mjög kaldur og nokkuð ljóst að illa hefði farið ef bílanna og búnaðar þeirra hefði ekki notið við.

Á tímabilinu nóv. 2010 til feb. 2011 munu bílar og menn frá Arctic Trucks taka þátt í þremur leiðöngrum á Suðurskautið og er þetta þriðja árið í röð sem fyrirtækið tekur þátt í leiðöngrum á þessum slóðum. Arctic Trucks hefur á þessu ári breytt 8 bílum, sem verða notaðir á Suðurskautslandinu. Að auki verða notaðir 4 bílar sem fyrirtækið hefur áður breytt og hafa verið staðsettir í Novo frá árinu 2008. Allir þessir 12 bílar eru af gerðinni Toyota Hilux og eru breyttir fyrir 44 tommu dekk. Tveir af þeim eru með 6 hjóla drifi (6X6), en þetta er í fyrsta sinn sem Arctic Trucks smíðar slíka bíla til notkunar á þessu svæði.

En Arctic Trucks leggur ekki aðeins til bíla í þessi verkefni, heldur nýtist reynsla og þekking starfsmanna af fjallamennsku, því að Arctic Trucks mun einnig útvega íslenska leiðangursstjóra/bílstjóra og bifvélavirkja í alla leiðangrana.

Ekki hafa borist myndir frá sjálfri björguninni en þessar myndir sýna prófanir á sama búnaði á Íslandi sumarið 2010.



Upplýsingar um leiðangrana er að finna á www.arctictrucks-expeditions.com og þar er einnig hægt að fylgjast með dagbókum frá starfsmönnum félagsins á Suðurskautinu.

Nánari upplýsingar veita:

Gísli Jónsson verkefnisstjóri, sími 897 2349, gisli@arctictrucks.is

Hallveig Andrésdóttir, sími 840 0750, hallveig@arctictrucks.is

Kristinn Gretarsson, sími 864 0940, kristinn@arctictrucks.is

#